



Minningarbækkir í borgarlandi.

Tillaga að verkferli.

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar væru reglur og umsóknareyðublað.

Skilgreina þarf viðtakanda umsókna sem gæti t.d. verið hjá einingu afnotleyfa á skrifstofu reksturs og umhirðu.

Hægt er að sækja um að koma fyrir minningarbækk í borgarlandinu, í garði, á opnu svæði eða með gönguleiðum. Ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að sækja um að koma fyrir minningarbækk í Miðborginni.

Um er að ræða hefðbundinn borgarbækk.

Á bækkinn verður settur málmskjöldur ca 7 x 16 cm með einföldum minningartexta, t.d. *Til minningar um Jón Jónsson.*

Áletrun þarf samþykki borgarinnar.

Umsóknir verða teknar fyrir á samráðsfundi framkvæmda og rekstrar sem er að jafnaði haldinn einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Farið verið yfir umsóknir og tekin afstaða til staðsetningar og áletrunar sbr. 1. og 2. hér að neðan.

Í boði eru tveir möguleikar.

1. Bækkur með gönguleiðum eða á grænu svæði þar sem bækkur er fyrir. Þá er keyptur nýr bækkur og skipt út fyrir bækk sem er fyrir.
Samþykki þarf á samráðsfundi.
Kostnaður: bækkur+skjöldur + uppsetning. Samtals 270 þús.kr. m.vsk.
2. Bækkur með gönguleiðum eða grænu svæði þar sem ekki er bækkur fyrir.
Meta og samþykkja á samráðsfundi.
Keyptur er nýr bækkur og það gæti þurft eftir aðstæðum að setja hellupall.
Kostnaður: bækkur+skjöldur + uppsetning + eftir atvikum hellupallur.
Með hellupalli samtals 700 þús.kr. m.vsk.

Ef umsókn er samþykkt þá er verkefnið sett í framkvæmd.

Viðhald. Bækkurinn fær hefðbundið viðhald eins og hver annar bækkur.

Engin sérstök ábyrgð er á bækknum umfram aðra bækki.

Reiknað er með venjulegum líftíma bækkjarins eða um 10 ár.

Forskrift að formi fyrir umsókn:

Nafn umsækjanda: _____

kennitala: _____ sími og netfang: _____

Staðsetning á bækk sem óskað er eftir á korti: _____

Texti á skjöld sem settur yrði á bækkinn. _____

Þórólfur Jónsson / 5. mars 2021



Greinargerð:

Í gegnum árin hafa komið upp nokkur erindi þar sem óskað er eftir því að fá að gefa bekk til minningar um látinn einstakling. Þar sem ekki formlegur farvegur fyrir slíkar gjafir í borgarkerfinu, hafa þau erindi verið leyst í sameiningu með gefendum og embættismönnum borgarinnar.

Meirihluti bekkja í borgarlandinu er svokallaður „borgarbekkur“ þar sem timburborð liggja á milli steypujárnsbúkkar sem hafa verið málaðir í dökkgrænum lit. Staðsetningar bekkja eru m.a. ákveðnar í samráði við skrifstofu reksturs og umhirðu og hefur skrifstofan einnig brugðist við ábendingum borgarbúa um skort á bekkjum og bætt þar úr. Þá hafa borgarbúar einnig getað kosið um fjölgun bekkja í hverfakosningunum Hverfið mitt.

Bekkir sem hafa verið gefnir til minningar um látna einstaklinga, hefur verið viðhaldið með sama hætti og öðrum bekkjum í borgarlandinu.